


# From vision to action "Góðir hlutir gerast"

Maí 2010 8. tlb

Kæru formenn

Sumarið nálgast óðfluga. Þó sumardagurinn fyrsti sé liðinn þá nær hiti sólarinnar eingöngu til okkar í skjóli frá norðlægum vindum. Vorþing og leiðtoganámskeið er yfirstaðið og þakka ég öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn fyrir óeigingjarnt starf. Það er gleðilegt að sjá að 74 konur frá 9 deildum af 10 sóttu þessa atburði. Einnig voru nokkrir gestir þar á meðal, en það er gleðilegt að geta gefið utanfélagskonum tækifæri til að sækja þing okkar og er það komið til að vera.

Við erum jafnt og þétt að koma upplýsingum á vefinn.



Leiðtoganámskeiðið sóttu 26 konur og fór það fram í Þjóðarbókhöðunni. Leiðbeinandi var Dr. Helen Popovich frá alþjóðasamtökum DKG. Góður rómur var gerður að hennar innleggi og fórum við allar heim með hugmyndir til að nýta í starfi okkar.



Vorþingið tókst einnig mjög vel og verður umfjöllun þess rakin betur á vefsíðum okkar. Menntanefndin stóð sig með þryði, en einnig lögðu hinir ýmsu aðilar sitt af mörkum til að gera þetta þing eins gott og það síðan varð.



Við sýnum enn og aftur að við getum lyft umfjöllun um málefni um menningar- og menntunarmálefni á það stig sem við viljum að hún sé.

Ég bið ykkur að hvetja félagskonur til að koma með efni á vefinn sem væri tilefni til umfjöllunar eða til að vekja athygli á. Það veitir ekki af í allri upplýsingafloerunni að safna saman áhugaverðum efnum hjá okkur líka.

Segið þeim konum sem ekki komu á vorþingið frá þinginu og veitið þeim þannig innsýn inn í þennan þátt starfsemi DKG.

## Upplýsingar

### Gönguhópur DKG

Munið gönguhópurinn sem hittist við Perluna fyrsta þriðjudag í mánuði kl 17:30. Næsta skipti er 4. maí. Hvetjum konur til að mæta í góða veðrinu.

Enn er opið fyrir tilnefningar í alþjóðanefndir og eru konur hvattar til að gefa kost á sér.

## Til framkvæmda

Munið eftir að panta formannanæluna fyrir formannsskiptin og athugið að stjórnarskiptin fari fram á formlegan hátt á aðalfundinum.

Maí 2010

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Á döfinni:

- Gönguhópurinn – gengið er frá Perlunni 4. maí, kl. 17,30
- 1. júní kl. 17,30 verður farið í síðustu gönguna að sinni og verður auglýst nánar síðar hvaðan verður gengið.

June 2010

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Eindagar

- 1. júní Umsóknir um alþjóðanefndir



Með systrakveðju,  
**Ingibjörg Jónasdóttir**  
landssambandsforseti DKG